

Má af þessu sífelda ferðalagi hans marka, að hann hafi verið allóeirinn um æfina og ætíð haft mikla tilhneigingu að breyta um bústað og freista gæfunnar á nýjum stigum.

Flestum sem Ólafi hafa kynst mun bera saman um það, að hann sé einn þeirra gáfuðustu og skemtilegustu manna, er þeir hafi fyrir hitt, og kippir honum í kynið í þeim efnum til þeirra Þingeyinganna. Hefir það verið staðhæft, að úr Þingeyjar-sýslu renni upp fleiri gáfumenn en úr nokkru öðru héraði landsins, og að þar sé öllu meiri bóklestur og mentafýsn en nokkurstaðar annarstaðar á landinu.

Þess má geta að á yngri árum allaði Ólafur sér talsverðrar mentunar, þrátt fyrir mikla örðugleika, lærði hann auk skandinavisku málanna frönsku, þýzku, ensku og portúgísku, þá síðasttöldu vegna þess, að í fyrstunni hafði hann ákveðið að flytja til Brazíliu, þar sem portúgískan er landsmál. En reynsla þeirra fáu Ísl., er til Brazíliu höfðu þá fyrir nokkru flutt, virtist ekki benda á að ráðlegt væri fyrir þjóðflokk vorn að leita þar gæfunnar.

Snemma varð Ólafur mjög hrifinn af ritum og stefnu þeirra Fjölnismanna, einkum Jónasi Hallgrímssyni, og mun hann ætíð hafa verið hans uppáhaldsskáld, enda kann hann flest sem eftir hann liggur utanað. Vinskapur mikill var einnig milli þeirra Ólafs og Kristjáns skálds Jónssonar, ólust þeir upp á sama bæ, og voru systrasynir, er Ólafur talinn einn þeirra er mest áhrif höfðu á Kristján.

Hvarvetna er Ólafur hefir dvalið hefir hann notið hinna mestu vinsælda, jafnvel þeirra manna, er gagnstæðra skoðana voru, hefir svo mátt heita, að hann hafi verið hvers manns hugljúfi, er hann umgekt. Mun mörgum vera í minni hve frábærlega skemtilegur hann var heim að sækja; lék hann þá á alsoddi og fátt var það, er bar á góma, er hann var ekki heima í, og munu vandfundnir vísðlesnari eða fróðari menn, má segja að lestrarfýsn hans sé óslökkvandi.

Vel var hann máli farinn og hatði margur yndi af að heyra hann tala fyrir minnum í veizlum og á samkomum, enda hefir hann auðugt ímyndunarafl og fjölbreytt. Tók hann stundum